


34. Búðartunguvirkjun



Með stíflu í Hvítá við Búðartungu fæst lítið lón þar sem gert var ráð fyrir neðanjarðar stöðvarhúsi og rúmlega 4 km löngum frárennslisgöngum til suðurs vestan ár og loks stuttum frárennslisskurði út í farveginn 1,3 km ofan við Gullfoss. Ekki er gert ráð fyrir veitu úr Grjóta og Sandá í Hvítárvatn þar sem lágt miðlunarstig Hvítár takmarkar nýtingu rennslis frá veitunni. Þessi áætlun miðar við 400 Gl miðlun í Hvítárvatni sem fengist með niðurdrætti í vatninu en ekki er reiknað með hækkun frá náttúrulegu vatnsborði. Áætlun frá 1998 gerir ráð fyrir sömu miðlun í Hvítárvatni eins og við virkjun undir Bláfell. Miðlun í Sandvatni (Sandvatnsveita) myndi nýtast þessari virkjun að fullu. Þessi virkjunarkostur er byggður eru á nýlegum áætlunum og raunhæfri stærð á miðlun í Hvítárvatni. Hagkvæmnitalan og einingarkostnaður orku er því marktækari en fyrir aðra kosti.